

13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Samráðsfundur um stöðu fatlaðs fólks
í réttarkerfinu

Grand Hótel 24. nóvember 2014

13. gr. SRFF

- *1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttarkerfinu til jafns við aðra, meðal annars með því að laga málsmeðferð alla að þörfum þess og taka tilhlýðilegt tillit til aldurs viðkomandi, í því skyni að gera því kleift að gegna hlutverki sínu með virkum hætti sem beinir og óbeinir þátttakendur, þar með talið sem vitni, í öllum málarekstri, einnig á rannsóknarstigi og öðrum undirbúningsstigum.*
- *2. Í því skyni að greiða fyrir því að tryggja megi fötluðu fólki virkan aðgang að réttarkerfinu skulu aðildarríkin stuðla að viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir þá sem starfa á sviði réttarvörslu, meðal annars lögreglumenn og starfsmenn fangelsa.*

Tvíþætt verkefni

- Aðgangur að réttarkerfinu
 - Málsmeðferð
 - Sama í hvaða stöðu einstaklingurinn er; vitni, þolandi, sakborningur
 - Löguð að aldri og þroska
 - Nái yfir málið allt og öll stig þess í réttarkerfinu, allt frá rannsókn til niðurstöðu dómstóla (eftir atvikum)
- Þjálfun og menntun fagaðila
 - Hvernig beita eigi regluverki

Ekki fyrirbyggjandi frekari gögn frá Genf varðandi inntak greinarinnar

- Engin einstaklingsmál hafa verið tekin til meðferðar á grundvelli viðauka vegna 13. gr.
- Ekki general comments um 13. gr.
- Ekki fjallað sérstaklega um í handbók fyrir þingmenn
- Ástæðan er aldur samningsins. Tekur tíma að þróast.
- Aðrir mannréttindasamningar
- Leiðbeiningar í því hvernig önnur ríki hafa fullgilt samninginn

Danmörk

- **Varðandi 1 mgr.**
- Réttarfarslögjöf kveður á um að fatlað fólk hafi jafnað aðgang að réttarkerfinu. Fólk með heyrarskeiðingu fái túlkahjónustu í réttarsal, fólk með talörðugleika megi yfirheyra eða gefa skýrslu með skriflegum hætti eða með aðstoð túlks.
- Þónokkrar reglur settar til þess að sakborningar og vitni fái aðstoð við meðferð sakamála og þær gilda einnig fyrir fatlað fólk.
 - Lögregla og ákærvaldið verður að upplýsa dómstól ef að mat liggur fyrir um að vitni þurfi sérstaka aðstoð.
 - Sérstök réttaraðstoð fyrir fatlaða þolendur afbrota
 - Sakborningar geta átt rétt á sérstakri réttaraðstoð ef brotið gæti varðar öryggisvistun á þar til gerðri stofnun
- Fatlaður einstaklingur getur átt rétt á því að stuðningsaðili sé með í réttarsal við meðferð máls. Starfsmönnum dómstóla ber að tryggja aðstoð varðandi fýsískt aðgengi að dómstólum.
- **Varðandi 2. mgr.**
- Regluleg hjálfun fyrir lögreglumenn og fangaverði.

Noregur (1)

- Alltaf best að skoða stóra bróður.
- Eftir greiningu lagaákvæða vegna fyrirhugaðrar fullgildingar töldu norsk stjórnvöld sig aðeins þurfa að breyta lögræðislögum vegna ákvæða 12. gr. og lögum um Jafnréttisumboðsmann til þess að tryggja eftirlit með ákvæðum samningsins eins og fjallað er um í 33. gr. skv. þingsályktunartillögu um fullgildingu samningsins
- Töldu því ekki að grípa þyrfti til lagabreytinga vegna 13. gr.

Noregur (2)

- Á grundvelli jafnréttislaga og laga sem banna mismunun er fötluðu fólki tryggður jafn aðgangur að réttarkerfinu
 - Einstaklingar
 - Handhafar opinbers valds, þ.m.t. dómstólar, sýslumenn og lénsmenn verða að gera ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki viðeigandi stuðning.
 - Um aðstoð við meðferð dómsmála, óháð stöðu fatlaðs einstaklings að málinu sem til meðferðar er (þolandi, sakborningur eða vitni) gilda reglur sem fela í sér að stjórnvöldum ber að tryggja öllum viðeigandi aðstoð.
 - 2. mgr. 100. gr. laga um meðferð opinberra mála kemur fram að það beri að tilnefnda fötluðum einstaklingum sem er sakborningur í máli sem varðar vistun á öryggisstofnun eða sambærilegum stað sérstakan aðstoðarmann
 - Þegar þörf er fyrir praktíska aðstoð geta fatlaðir einstaklingar átt rétt á túlki á grundvelli almannatryggingalaga eða aðstoð á grundvelli lögræðislaga.
 - um algilda hönnunar tryggja fýsískt aðgengi að dómstólum
 - Gerðar tæknilegar ráðstafanir og ráðsist í breytingar í öllum dómstólum til að tryggja þetta
 - Ný dómshús verða að taka mið af fjölbættum skilyrðum um aðgengi fatlaðra einstaklinga.

Noregur (3) (Aldrei of mikið af að Noregi)

- Varðandi seinni málsgreinina hafa norsk stjórnvöld staðið fyrir kerfisbundinni þjálfun í verkefni sem kallast „Trygghet og tillit“, eða „Öryggi og traust“. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir lögreglumenn til þess auka meðvitund um viðbrögð þeirra og færni til þess að setja sig í spor annarra, þjálfun í því hvað mismunun sé og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir mismunum.

Verkefnið framundan á Íslandi

- Samráð hagsmunaaðila og fulltrúa réttarkerfisins – hafið ☺
- Afstaða til hvort að breyta þurfi lögum
- Verklagsreglur
- Samvinna